Loftmyndir ehf

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

**Þjónustusamningur**

um viðhald á landfræðilegum gögnum.

**Samningsaðilar eru:**

**Loftmyndir ehf, kt. 550896-2579 Laugavegi 13 101 Reykjavík**
og
**Grímsnes og Grafningshreppur kt: 590698-2109**
**Bláskógabyggð kt: 510602-4120**
**Hrunamannahreppur kt: 640169-2309**
**Skeiða og Gnúpverjahreppur kt: 540602-4410**
**Flóahreppur kt: 600606-1310**
**Ásahreppur kt: 430169-0339**
**sem hér eftir kallast leigutakar**

gera með sér eftirfarandi samning um viðhald á tölvutækum landfræðilegum gögnum. Samningur þessi tekur við af eldri samningi milli sömu aðila frá 2008 sem fellur úr gildi við undirskrift þessa samnings. Það sem innifalið er í þessum samningi er:

1. Myndkort af Grímsnes- og Grafningshreppi með 25-50 cm. upplausn.
Hæðarlínur af sama svæði með 5 m. hæðarmun.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

2. Myndkort af Bláskógabyggð með 25-50 cm. upplausn.
Hæðarlínur af sama svæði með 5 m. hæðarmun.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

3. Myndkort af Hrunamannahreppi með 25-50 cm. upplausn.
Hæðarlínur af sama svæði með 5 m. hæðarmun.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

4. Myndkort af Skeiða og Gnúpverjahreppi með 25-50 cm. upplausn.
Hæðarlínur af sama svæði með 5 m. hæðarmun.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

5. Myndkort af Flóahreppi með 25-50 cm. upplausn.
Hæðarlínur af sama svæði með 5 m. hæðarmun.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

6. Myndkort af Ásahreppi með 25-50 cm. upplausn.
Hæðarlínur af sama svæði með 5 m. hæðarmun.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

7. Myndkort með 0.1 m upplausn af Laugavatni.
Hæðarlínur með 1 m. hæðarmun af sama svæði.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

8. Myndkort með 0.1 m. upplausn af Laugarási.
Hæðarlínur með 1 m. hæðarmun af sama svæði.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

9. Myndkort með 0.1 m. upplausn af Reykholti.
Hæðarlínur með 1 m. hæðarmun af sama svæði.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

10. Myndkort með 0.1 m. upplausn af Borg.
Hæðarlínur með 1 m. hæðarmun af sama svæði.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

11. Myndkort með 0.1 m. upplausn af á Flúðum.
Hæðarlínur með 1 m. hæðarmun af sama svæði.

12. Myndkort með 0.1 m. upplausn af Árnesi.
Hæðarlínur með 1 m. hæðarmun af sama svæði.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

13. Myndkort með 0.1 m. upplausn af Brautarholti.
Hæðarlínur með 1 m. hæðarmun af sama svæði.
Sjá nánar afmörkun svæðis í viðauka 1.

**1. Eignaréttur á gögnum.**

Öll myndkort, tölvutæk landfræðileg þemu og önnur frumgögn sem afhent verða skv. samningi þessum eru háð eignarrétti Loftmynda ehf. í samræmi við og með þeim takmörkunum sem greinir í höfundalögum nr. 73 / 1972.

**2. Afnotaréttur.**

Afnotaréttur leigutaka á þeim gögnum sem afhent verða skv. þessum samningi skal takmarkaður við eftirfarandi notkun:

a. Gögnin má nota til skipulagsgerðar sem kostuð er af leigutökum, til skipulagsgerðar vegna framkvæmda íbúa í persónulega þágu en ekki vegna atvinnustarfsemi s.s. sumarhúsabygginga. Þau má nota til vinnslu lóðablaða til þinglesninga, til hönnunar gatna og veitukerfa sem kostaðar eru af leigutökum, til söfnunar upplýsinga er varða almenna þjónustu starfsemi á vegum leigutaka sem og í landupplýsingarkerfið sem rekið er á innra neti.

b. Leigutakar tilnefna Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps fyrir sína hönd til þess að annast samskipti við Loftmyndir ehf. í tengslum við þennan leigusamning. Ber hann ábyrgð á því að reglum sé fylgt um notkun gagnanna. Hann getur falið Loftmyndum að annast afhendingu gagna til þriðja aðila og greiðir viðtakandi fyrir vinnu sem því fylgir.

c. Myndkortin má setja á tölvunet sem er opið almenningi í samráði við Loftmyndir ehf.

d. Ef kemur til nýrra verkefna á vegum leigutaka annarra en þeirra sem upp eru talin í a. lið þá skal gera viðauka við þennan samningum þá notkun.

e. Stofnanir, og byggðasamlög sem eru í eigu leigutakanna að þremur fjórðuhlutum eða meira, hafa sama notkunarrétt á gögnunum og leigutaki sjálfur.

f. Loftmyndir ehf. afhenda Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu eitt eintak af gögnunum. Myndkort afhendast á TIFF sniði en hæðarlínur sem DGN og DWG skrár. Þurfi að setja gögnin á önnur form greiðist fyrir það í tímavinnu.

g. Leigutaka er heimilt að fela Loftmyndum að afhenda gögn sem samningur þessi nær til til þriðja aðila til vinnslu verkefna í sína þágu. Skulu slíkir aðilar undirita yfirlýsingu um að þeir nýti gögnin einungis fyrir leigutaka. Leigutaki ber ábyrgð á því að slíkir verktakar fari í einu og öllu eftir þeirri yfirlýsingu

h. Leigutökum er heimilt að nýta gögn til útgáfustarfsemi í eigin þágu, og skal slíkt vera án endurgjalds, en skilyrði er að höfundar sé getið, sbr. 4. gr. laga nr. 73/1972. Skal firmamerki Loftmynda ehf. nýtt í þeim tilgangi, en það fylgir með hverjum gagnadiski.

Framsal á ofangreindum afnotarétti er óheimilt nema með samþykki Loftmynda ehf.

**3. Afleidd gögn.**

Afleidd gögn sem verða til hjá leigutökum svo sem skipulagsgögn, hönnun gatna og lagnakerfa, eru eign hans og Loftmyndum ehf. óviðkomandi. Leigutökum er hinsvegar ekki heimilt að fjölfalda til endursölu almennar landfræðilegar upplýsingar sem unnar eru eftir myndkortum Loftmynda.

**4. Endurskoðun gagna.**

Myndkort af þéttbýlinu verða endurgerð svo sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Laugavatn | 4 ára fresti |
| Laugarás | 6 ára fresti |
| Reykholt | 4 ára fresti |
| Borg | 4 ára fresti |
| Flúðir | 4 ára fresti |
| Árnes | 6 ára fresti |
| Brautarholt | 6 ára fresti |

Loftmyndir ehf. skuldbinda sig ekki til að endurnýja myndkort af dreifbýli smkv. lið 1-6 með fyrirfram ákveðnum hætti heldur meta Loftmyndir í samráði við leigutaka hvenær þörf er á slíkri endurnýjun.

**5. Leigugjald.**
Greiðslur skiptast svona milli sveitarfélagana:

| | | |
|---|---|---|
| Grímsnes og Grafnings | kr. | 1.366.000+ vsk |
| Bláskógabyggð | kr. | 1.641.000 + vsk |
| Hrunamannahreppur | kr. | 578.000 + vsk |
| Skeiða og Gnúpverja | kr. | 512.000 + vsk |
| Flóahreppur | kr. | 284 . 758 + vsk |
| Ásahreppur | kr. | 111 . 200 + vsk |

og eru þessar upphæðir bundnar vísitölu neysluverðs sem er við undirskrift samningsins 470.1. Fyrsti gjalddagi er 1. sept. 2019 og síðan á sama tíma árlega eftir það.

**6. Uppsögn og gildistími.**
Gagnkvæmur almennur uppsagnarfrestur samningsaðila að samningi þessum er 6 mánuðir. Ber leigutaka þá í lok samningstíma hætta allri notkun á og eyða öllum gögnum sem afhend hafa verið smkv. samningi þessum og eldri samningum sem hann tekur við af. Samningur þessi er gerður til 3 ára og framlengist eftir það sjálfkrafa um eitt ár í senn ef hvorugur samningaðli hefur þá sagt honum upp með tilskildum fyrirvara.

**7. Ágreiningur**
Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal hann útkljáður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

fh. Grímsnes og Grafnings
dags: 8/11 2019
SVEITARSTJÓRI GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS
sveitarstjóri/oddviti

fh. Skeiða og Gnúpverja
dags: 13/11 2019
Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
sveitarstjóri/oddviti

f.h. Loftmynda ehf.
dags: 06-11-2019
Loftmyndir ehf
Karl Arnar Arnarson

fh. Bláskógabyggðar
dags: 13/11 2019
sveitarstjóri/oddviti

fh. Flóahrepps
dags: 13/11 2019
ODDVITI FLÓAHREPPS
sveitarstjóri/oddviti

fh. Hrunamannahrepps
dags: 13/11 2019
Oddviti Hrunamannahrepps
sveitarstjóri/oddviti

fh. Ásahrepps
dags: 13.11. 2019
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita Skipulagsfulltrúi
sveitarstjóri/oddviti

**Viðauki 1.** Kortin sýna afmörkun svæða með rauðri línu.

Myndkort með 25-50 cm. upplausn smkv. lið 1-6.



Myndkort með 0.1 m upplausn af þéttbýlisstöðum smkv. lið 7-13.



Loftmyndir ehf

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita














BSB H.K.









H.K.

BÁB

## Rúnar Guðmundsson

**From:** Valtýr Valtýsson <valtyr@asahreppur.is>
**Sent:** miðvikudagur, 6. nóvember 2019 10:36
**To:** Rúnar Guðmundsson
**Subject:** RE: Loftmyndir

Þú mátt endilega skrifa undir fyrir hönd Ásahrepps.

Mbk

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Skipulagsfulltrúi

Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Ásahrepps

Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt.

**From:** Rúnar Guðmundsson <runar@utu.is>
**Sent:** miðvikudagur, 6. nóvember 2019 10:05
**To:** Valtýr Valtýsson <valtyr@asahreppur.is>; Kristófer Tómasson (kristofer@skeidgnup.is) <kristofer@skeidgnup.is>; 'Ásta Stefánsdóttir' <asta@blaskogabyggd.is>; Eydís Indriðadóttir (eydis@floahreppur.is) <eydis@floahreppur.is>; Ingibjörg Harðardóttir Sveitarstjóri GOGG <gogg@gogg.is>; Jón Valgeirsson (jon@fludir.is) <jon@fludir.is>
**Subject:** Loftmyndir

Er staddur rétt hjá Kalla í loftmyndum
Viljiði að ég komi við og skrifi á loftmyndasamning f. h. ykkar, eða á ég að kippa samningnum með. Eða hvað?

Með góðri kveðju
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi UTU
runar@utu.is
480 5550